

Fréttatilkynning

Reykjavík, 5. október 2007

Bakkavör Group kaupir breskan hráefnisframleiðanda

Reykjavík, 5. október 2007, Bakkavör Group hefur styrkt starfsemi sína í Bretlandi enn frekar með kaupum á breska matvælafyrirtækinu Welcome Food Ingredients Ltd. sem framleiðir bragðefni og sósur til matvælaframleiðslu. Kaupin voru fjármögnuð úr sjóðum félagsins en kaupverðið er trúnaðarmál.

Welcome Food Ingredients var stofnað árið 1994 og sérhæfir sig í notkun ferskra og þurrkaðra hráefna við framleiðslu bragðefna og blandna á borð við sósur, deig og þykkni fyrir matvælaíðnaðinn. Fyrirtækið er staðsett í Nottinghamshire í Bretlandi og eru starfsmenn 115 talsins.

Welcome Food Ingredients verður hluti af Bakkavör Group frá kaupdegi en kaupin munu hafa óveruleg áhrif á afkomu félagsins á þessu ári.

Ágúst Guðmundsson forstjóri sagði:

„Kaupin á Welcome Food Ingredients koma til með að styrkja stöðu Bakkavör Group í Bretlandi en um er að ræða traust fyrirtæki sem fellur vel að núverandi starfsemi félagsins, með góðar horfur um áframhaldandi vöxt.“

Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Guðmundsson, forstjóri
Tel: +44 (0)20 7266 6400

Hildur Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Tel: +354 858 9706

Um Bakkavör Group

Bakkavör Group er leiðandi alþjóðlegt matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna matvæla. Bakkavör Group rekur 55 verksmiðjur og er með um 20 þúsund starfsmenn í átta löndum. Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík og er félagið skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi. (www.icex.is – auðkenni BAKK).

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og hefur starfsemi félagsins vaxið verulega á síðastliðnum 20 árum. Í dag er félagið leiðandi í framleiðslu á ferskum tilbúnum matvælum á alþjóðavísu. Félagið hefur leiðandi markaðstöðu í Bretlandi í lykilvöruflokkum sínum en þeir eru tilbúnir réttir, pizzur, tilbúið salat og ferskt salat. Bakkavör Group framleiðir yfir 4.700 vörutegundir í 17 vöruflokkum og eru vörur félagsins seldar undir vörumerkjum stórmarkaðanna. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en auk þess er félagið með starfsemi í Frakklandi, Belgíu, Spáni, Tékklandi, Suður-Afríku, Kína og á Íslandi.